

Nafn: *Verkleg þjálfun vegna A ökuleyfis framkvæmd af rekstraraðilum á Keflavíkurflugvelli.*

Viðfangsefni: *Æfing í hæfnipáttum sem koma fyrir í þjálfunarefni vegna ökuleyfis A. Framkvæmist fjórum sinnum.*

Undirbúningur:

Útnefndur aðili ákveður hver sér um verklega þjálfun hjá sínu fyrirtæki. (sbr. vinnuleiðbeiningar um skráningu ökuleyfa).

Þjónustuaðili sér um það hvernig þjálfun er skráð.

Framkvæmd:

Æfing fer fram á þann hátt að reyndur starfsmaður situr með nemanda í bíl.

Í hvert skipti skal reyndur starfsmaður fara yfir hvert verkefnið er og hvað beri að vara sig á.

Í öll fjögur skiptin skal starfsþjálfari tala um mikilvægi þess að muna að öryggismál eru sameiginlegt verkefni allra á flugvöllinum.

Reyndur starfsmaður skal reyna að leyfa nýjum starfsmanni að spreyta sig á verkefninu án þess að grípa inn í en vera tilbúinn að bregðast við ef í óefni stefnir.

Verkleg þjálfun skal innihalda amk.

- *Akstur um FLE hlað og eystra hlað.*
- *Þjálfun í að muna hvaða stæði eru hvar.*
- *Allar helstu umferðarreglur*
- *Fara vel yfir blikvita á flugvélum,*
- *Mikilvægi þess að ekki sé ekið fyrir aftan ýtingu og hvar við sjáum þá og hvernig við komum í veg fyrir að ekið sé fyrir loftfar í ýtingu (pushback)*
- *Fara sérstaklega yfir hægri rétt*
- *Fara vel í akstursleiðir á eystra hlaði*

Úrvinnsla:

Eftir að verkefni er lokið verða reyndur starfsmaður og nýr starfsmaður að fara yfir hvað gekk vel og hvað mætti betur fara. Þjálfunin skal skráð samkvæmt verklagi þjónustuaðila.